

## Fréttir frá leikskólanum Barnaból Skagaströnd á aðventunni 2007

Á Barnabóli er líf og fjör að venju og margt og mikið að gerast. Í nóvember héldum við upp á svartasta skammdegið með árlegri Skammdegishátíð þann 8. og skreyttum leikskólann með



ljósaseríum og pappaskrauti. Í hádeginu buðu nemendur foreldrunum í súpu og brauð og það voru afar kurteisir gestgjafar sem nutu þess að fá pabba og mömmu til sín í mat. Rafmagnslausidagurinn var 22. nóvember og nemendur komu með vasaljós að heiman og við spöruðum rafmagnsljósinn. Á meðfylgjandi mynd sjáum við vinina, Ingólf Eðvald, Sindra Freyr og Magnús Sólberg sem allt eins gætu verið að ræða stærðir og orku vasaljósanna sinna.

Hefðbundinn piparkökubakstur var svo laugardaginn 24.

nóvember en þá komu nemendur, foreldrar og systkina saman á

leikskólanum og bökuðu og skreyttu gómsætar piparkökur.

Leikskólinn leggur til deigið og það er flatt út á Lundi, bakað í eldhúsinu og kökurnar skreyttar á Sæbóli eftir eldgamalli hefð á leikskólanum. Það er alltaf jafn gaman að sjá alla þessa flinku bakameistara og að fá piparkökulyktina í húsið. Í ár gerðum við tilraun með að flýta piparkökubakstursdeginum um eina viku. Fram að þessu hefur hann alltaf verið laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu en einmitt þá helgi nota margir til að fara í verslunarferðir og heimsóknir út fyrir staðinn og geta því ekki tekið þátt í baksturinn.



Leikskólastjóri hefur spurt nokkra um álit á þessari breytingu og þeir hafa verið sáttir við hana og reikna má með að hér eftir verði piparkökudagurinn á svipuðum tíma. Að ofan sést einn af okkar færur bakameisturum, Gabríel Goði, munda kökukeflið af mikilli fagmennsku. Þar sem afgangur varð af piparkökudeiginu tóku yngstu börnin sig til einn dag í desember og bökuðu piparkökur fyrir alla með kaffinu og hér eru þau Andri Már, Klara Ósk, Hlynur og Brynja Ýr að móta kúlur.

Á degi íslenskrar tungu var allt í föstum skorðum og nemendur og kennarar komu saman á Sæbóli og sungu lög og fóru með texta eftir Jónas Hallgrímsson

en í ár voru 200 ár frá fæðingardegi hans 16. nóvember. Aftur á móti var ekki hægt að segja að allt hafi verið í föstum skorðum 29. nóvember því þá var allt í rugli og öfugsnúid! Já, við héldum upp á árlegan Rugludag og sumri mættu í öfugum fötunum og útigallarnir snéru víst ekki alveg rétt þegar farið var út. Einhver ruglingur var líka á hvar hver átti að sitja við



matarborðin og fleira var í algjöru „messi“ hjá okkur þennan dag!

En sem betur fer eru ekki allir dagar jafn ruglaðir og stundum fjöllum við um alvöru lífsins og 27. nóvember fengum við góða heimsókn frá Björgunarsveitinni Strönd. Þá komu Reynir formaður og Bjarni Ottós og færðu öllum nemendum og



kennurum leikskólans nýtsöm og falleg endurskinsmerki ásamt bókamerki miða. Hér sjást krakkar velja sér endurskinsmerki hjá Reyni og Bjarna sem um leið upplýstu krakkana um nauðsyn þess að vera alltaf með endurskinsmerki í skammdeginu og það ættu bæði börnin, foreldrar, afar og ömmur að muna og jafnvel væri gott ef dýrin ættu endurskinsmerki.



Á Barnabóli notum við heilmikið af pappír því þar er mikið fönðrað, teiknað og litað um leið og finhreyfingar handa og blýantsgripið er æft. Lögð er áhersla á að endurvinna og nýta vel allan pappír svo ekki þurfi að fella eins mörg tré til að búa til nýjan pappír. Margir út í samfélaginu hugsa til okkar áður en þeir henda pappa, pappír, umslögum og fleiru sem virðist vera verðlaus efniviður en er það ekki, alla vega ekki í okkar augum. Til dæmis var einn Skagstrendingur (sem ekki á lengur barn á leikskólanum) staddur í Reykjavík og gat fengið gefins fullt af úrvalspappír sem hann þáði og kom færandi hendi með til okkar. Við erum afar þakklát fyrir þessa hugulsemi samborgarana okkar og þetta sparar einnig heilmikið fyrir skólann. Að ofan má sjá Freyju Dís og Tinnu Alicju teikna á renninga.

Þann 6. desember var svo hefðbundið adventukaffi fyrir mömmu, pabba, afa og ömmu og að þessu sinni bökuðu krakkarnir hjónabandssælu. Stafrænu myndavélarnar á hvorri deild voru vel nýttar og teknar myndir af bókunarferlinu sem rúlluðu síðan í tölvunum meðan gestirnir gæddu sér á hjónabandssælunni. Á myndunum sést vel hvernig baka á hjónabandsælu, en sjálfsagt vita víst flestir hvernig á að gera hjónabandssælu!

### *Hjónabandsælan á Lundi*



1. Er deigið sett á plötur.



2. Næst er sultu smurt á og kannski smakkað smá á sultunni.



3. Deigmulningi stráð yfir.



4. Já, það er komið nóg af mulningi.



5. Burðast með plöturnar fram í eldhús og Herdís setur þær í ofninn. „Úff, við erum alveg að missa þetta!“



## Hjónabandsælan á Sæbóli



Hefðbundin aðventudagskrá hefur verið á leikssólanum fram á þennan dag t.d. heimsókn í Hólaneskirkju 11. desember og jólaballi þann 17. en þá komu jólasveinarnir herra Giljagaur og herra Þvörusleikir í heimsókn og voru ósköp stilltir greyin. Þeir dönsuðuð kringum jólatréð með okkur og síðan opnuðu þeir tvo stóra poka fulla af gjöfum sem þeir gáfu krökkunum. Sumir af yngstu nemendum voru í fyrstu smá smeikir við sveinkana og héldu fast í Gógó, Sessý og Söndru en róuðust fljótt. Aftur á móti þurftu margir af þeim eldri að spyrja þá spjörunum úr t.d. um bústað þeirra í Spákonufellinu, um mömmu þeirra, pabba og bræður. Sveinkunum gekk greiðlega að svara þessum mikilvægu spurningum og að launum fengu þeir úrvals pipakökur sem krakkarnir höfðu skilið sérstaklega eftir fyrir þá þegar þeir bökuðu á piparkökudaginn. 18. desember var farið á Hnappstaðtúnið og gengið í kringum bæjarjólratréð í roki og rigningu og í trúna var fullt af pokum með piparkökum í sem gerði mikla lukku.

Aðventan er yndislegur tími og flestum finnst jólalegra að hafa hvíta jörð sem hefur ekki verið mikið um í vetur. En búum við samt ekki á besta landi í heimi þar sem við fáum sýnishorni af öllum veðrum nánast á hverjum degi og fjölbreytnin er slík að enginn dagur er eins? Að lokum viljum við minna á heimasíðuna okkar á leikskolinn.is /velja landssvæði og síðan Leikskólinn Barnaból.

Kennarar og nemendur leikskólans Barnabóls óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir liðið ár.  
Megi ljós og friður umvefja ykkur.

Með kveðju  
Þórunn Bernódusdóttir  
Leikskólastjóri

